

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 34/1991.

Jón Valentínusson,
Inge M. Löwner Valentínusson,
Selma Ó. Björgvinsdóttir,
Dagný Ingólfssdóttir og
Pórhildur R. Geirsdóttir

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Jan Gunnar Davidsson

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Samningur. Riftun. Einkaumboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1991. Þeir gera eftirtaldir dómkröfur:

„1. Að stefndu verði í aðalsök í héraði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjendum óskipt kr. 3.114.567,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breyting á þeim lögum frá 7. apríl 1989 til greiðsludags.

2. Að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu í gagnsök í héraði.“

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum fyrir Hæstarétti.

Félaginu David Storm Ltd., sem var stefnt í héraði og til Hæstaréttar, var slitið í febrúar 1989, og er Jan Gunnar Davidsson því einn stefndur hér fyrir dómi.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta hefur tekið miklum breytingum, frá því að það var höfðað og rekið í héraði. Áfrýjendur una hinum áfrýjaða dómi, að

Því er varðar túlkun hans á skyldum aðilanna samkvæmt samningnum frá 17. desember 1987. Þeir falla því frá skaðabótakröfu vegna gallaðra vara og frá kröfu um endurgreiðslu á þeim hluta greiðslunnar til Iðnaðarbanka Íslands hf., sem var umfram fjárhæðirnar í 3. tl. a-b í samningnum. Þá fallast þeir einnig á þá úrlausn héraðsdóms, að stefndu hafi mátt ráðstafa samningshagsmununum eftir bréf áfrýjenda 7. mars 1989.

Löghald það, sem gert var 6. september 1989 að kröfu Sportlands hf. í eign stefnda, Lokastíg 13 í Reykjavík, var fellt niður hinn 20. janúar 1992.

Hér fyrir dómi lýtur málatilbúnaður áfrýjenda að tveimur þáttum: í fyrsta lagi, hvort lögmaður áfrýjenda í héraði hafi haft umboð til að skuldbinda áfrýjendur til greiðslu í gagnsök í héraði, í öðru lagi hvernig haga skuli fjárhagslegu uppgjöri milli aðila vegna niðurfellingar á samningi þeirra.

II.

Áfrýjendur mótmæla því, að þeir hafi tekið á sig ábyrgð gagnvart stefndu á greiðslu krafna þeirra í gagnsök í héraði, og segja lögmann þeirra í héraði ekki hafa haft umboð til að skuldbinda þá.

Hinn 4. desember 1989 seldu áfrýjendur allt hlutafé sitt í fyrirtækinu Sportland hf., sem var stefnandi máls þessa í héraði. Í 2. gr. kaupsamningsins sagði meðal annars: „Undanþegið í sölu þessari er bótakrafa, sem Sportland hf. á, á hendur Jan Gunnari Davíðsyni, en dómsmál um þá kröfu er nú rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og er krafan framseld seljendum enda bera seljendur allan kostnað af þeim málarekstri og verður málið rekið í þeirra nafni eingöngu.“ Allir áfrýjendur skrifuðu undir þennan kaupsamning 4. desember 1989 og hafði þá gagnsök verið þingfest í málinu og sameinuð aðalsök. Með yfirlýsingu 14. febrúar 1990 framseldi Sportland hf. til áfrýjenda „kröfu Sportland hf., á hendur Jan Gunnari Davidssyni og David Storm Ltd., vegna riftunar á umboðssamningi á Don Canoframleiðsluvörum og vegna gallaðra skíðaúlpna og nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur“. Allir áfrýjendur skrifuðu undir yfirlýsingu þessa.

Líta verður svo á, að samþykki stefnda á aðild áfrýjenda í málinu í stað Sportlands hf. hafi verið veitt á þeirri forsendu, að kröfurétti

hans í málinu væri með því í engu raskað. Samkvæmt þessu hafði lögmaður áfrýjenda í héraði fullt umboð til að gefa þá bindandi yfirlýsingu, sem bókuð var á dómþingi 21. mars 1990, þess efnis, „að núverandi sóknaraðilar í aðalsök séu varnaraðilar í gagnsök og beri ábyrgð á greiðslu gagnkröfunnar ef til greiðsluskyldu kemur“.

III.

Í héraðsdómi er lýst samkomulagi því, sem gert var 17. desember 1987, milli stefnda og David Storm Ltd. annars vegar og Sportlands hf. hins vegar. Samningurinn var ótímabundinn, og samkvæmt honum fékk Sportland hf. „einkaumboð til dreifingar og sölu á DON CANO-framleiðsluvörum, hverju nafni sem nefnast, á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi“. Fyrir „viðskiptasambönd þessi og einkaumboðsrétt“ átti Sportland hf. að greiða ca. 4.714.567 krónur. Auk þess átti stefndi að fá hönnunargjald, og er óumdeilt, að það hafi verið 15% af framleiðsluverði varanna. Samkomulag þetta er um margt óljóst, enda til bráðabirgða, og er tekið fram í 7. tl. þess, að endanlegur einkaumboðs- og samstarfssamningur milli aðila verði gerður svo fljótt sem verða megi, en af því varð aldrei.

Eins og lýst er í héraðsdómi, stóð Sportland hf. ekki í skilum með greiðslu á 1.600.000 krónum, sem því bar að greiða samkvæmt samkomulaginu. Viðurkennt er af hálfu stefnda, að gallar hafi komið fram á vörum þeim, sem Sportland hf. fékk til sölu og dreifingar samkvæmt samkomulaginu. Með bréfi 7. mars 1989 lýsti Sportland hf. því yfir, að forsendur væru brostnar fyrir samkomulaginu og yrði ekki um frekari efndir að ræða af þeirra hálfu. Með bréfi 22. júní 1989 lýsti lögmaður stefnda því yfir, að stefndi hefði ekkert við það að athuga að losna undan samkomulaginu, en mótmælti því að vera valdur að eða bera ábyrgð á því tjóni, sem áfrýjendur töldu sig hafa orðið fyrir. Stefndi fékk því einkaleyfisréttinn samkvæmt samkomulaginu aftur til sín, og er fram komið, að hann hafi ráðstafað þeim rétti.

Hér fyrir dómi krefjast áfrýjendur þess, að stefndi endurgreiði þeim 3.114.567 krónur, sem þeir þegar hafa greitt á grundvelli framangreinds samkomulags. Þá krefjast þeir sýknu af þeirri kröfu stefnda, að þeim verði gert að greiða það, sem eftir stendur af samningsgjaldinu, 1.600.000 krónur.

Eins og lýst er hér að framan, var samkomulag aðila til bráða-
birgða og um margt óskýrt. Það fjallaði um óáþreifanleg réttindi, og
sambandi aðila virðist hafa verið ætlað að standa um óákveðinn
tíma. Að tæpum 15 mánuðum liðnum lýstu áfrýjendur því yfir, að
ekki yrði um frekari efndir að ræða af þeirra hálfu, þar sem þeir
töldu allar forsendur brostnar fyrir samkomulaginu. Líta verður svo
á, að stefndi hafi samþykkt slit áfrýjenda á samningnum, og hann
krafðist ekki efnda samkvæmt efni hans, einkaleyfisrétturinn færðist
aftur yfir til hans, og hann nýtti sér hann. Þegar allt þetta er virt,
þykir mega una við þá greiðslu, sem áfrýjendur hafa þegar innt af
hendi, en fella ber niður þá greiðslu, sem eftir stóð samkvæmt sam-
komulaginu. Fallist er á rök héraðsdómara um bætur til stefnda
vegna löghaldsins, sem lagt var á eign hans, og ber að dæma honum
300.000 krónur í bætur, eins og gert var í héraði, en málinu var ekki
gagnáfrýjað.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir
Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið
tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jan Gunnar Davidsson, er sýknaður af kröfu áfrýj-
enda, Jóns Valentínussonar, Inge M. Löwner Valentínusson,
Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Dagnýjar Ingólfssdóttur og Þórhild-
ar R. Geirsdóttur, um endurgreiðslu á 3.114.567 krónum.

Áfrýjendur eru sýknaðir af kröfu stefnda um greiðslu á
1.600.000 krónum.

Áfrýjendur greiði stefnda 300.000 krónur með dráttarvöxt-
um samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. september
1989 til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda 800.000 krónur í málskostnað
samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Gunnars M. Guðmundssonar

Ég er samþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta dómara, að því er varðar það ágreiningsatriði málsaðila, hvort lögmaður sá, er fór með mál áfrýjenda í héraði, hafi haft umboð til að skuldbinda þá til greiðslu á gagnkröfum stefnda.

Bréf Sportlands hf. til stefnda 7. mars 1989 var sent í kjölfar kröfubréfs vegna vanskila félagsins á greiðslum samkvæmt samkomulagi aðila frá 17. desember 1987. Í bréfinu var ekki gerður fyrirvari um, að félaginu bæri réttur til endurgreiðslu þess fjár, sem þá hafði verið greitt samkvæmt samkomulaginu, en tekið fram í lok þess, að Sportland hf. áskildi sér rétt til að krefja stefnda um bætur fyrir tjón, sem félagið kynni að verða fyrir vegna umræddra viðskipta aðilanna. Þegar bréf þetta var sent, var meginhluti greiðslna samkvæmt samkomulaginu fyrir löngu fallinn í gjalddaga, en eftirstöðvarnar höfðu fallið í gjaldaga 15. október 1988, tæpum fimm mánuðum áður. Fallast ber á það með héraðsdómara, að í viðbrögðum af hálfu stefndu við þessu hafi ekki falist viðurkenning á því, að Sportland hf. ætti lagarétt til riftunar.

Fyrir héraðsdómi var skaðabótakrafa þáttur í kröfugerð áfrýjenda á hendur stefnda. Eins og fram kemur í atkvæði meirihluta dómara, hefur nú verið fallið frá þeirri kröfu, og því er ekki lengur haldið fram, að stefndi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu. Sá forsendubrestur, sem áfrýjendur bera fyrir sig og reisa kröfur sínar á, stafaði því ekki af ástæðum, er stefndi beri ábyrgð á að lögum.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að því leyti, sem þær eru til endurskoðunar fyrir Hæstarétti eftir verulegar breytingar á kröfugerð áfrýjenda, ber að fallast á það með héraðsdómara, að hvorki séu lagaskilyrði til þess, að taka megi til greina, gegn mótmælum stefnda, kröfu áfrýjenda um endurgreiðslu fjár samkvæmt 3. lið a. og b. í samkomulagi þeirra né sýkna þá af kröfu stefnda um, að þeir verði dæmdir til að inna af hendi fulla greiðslu samkvæmt 3. lið c. og d. í samkomulaginu, samtals 1.600.000 krónur.

Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, þó

ekki um málskostnað. Ég tel eftir atvikum rétt að dæma áfrýjendur til að greiða in solidum stefnda samtals 900.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i **Guðmundar Jónssonar**

Er áfrýjendur tóku formlega við aðild stefnanda í héraði með bókun 21. mars 1990, hafði verið höfðuð gagnsök í málinu. Með vísan til 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er voru í gildi á þeim tíma, urðu áfrýjendur að sæta því að taka jafnframt við aðild stefnda í gagnsök.

Héraðsdómari hafnaði kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á riftun samkomulagsins frá 17. desember 1987.

Ég tel, að hin breytta kröfugerð áfrýjenda og afstaða þeirra til málsefnisins fái ekki raskað grundvelli málsins frá því, sem var í héraði, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Ég tel því, að leggja verði til grundvallar þá niðurstöðu héraðsdómara að hafna kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á riftun samkomulagsins og hafna kröfu um endurgreiðslu á því fé, sem þegar hafði verið greitt. Ég tel hins vegar, að þau viðbrögð stefnda að taka við hinum umsömdu hagsmunum og ráðstafa þeim, svo sem rakið er í héraðsdómi, hafi í för með sér, að áfrýjendur verði ekki krafðir um eftirstöðvar fullrar greiðslu samkvæmt samkomulaginu.

Með framangreindum athugasemdum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta hæstaréttardómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 19. október 1990, hefur Sportland hf., Reykjavík, höfðuð fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. október 1989, á hendur Jan Gunnar Davidsson, Lokastíg 13, Reykjavík, persónulega og f.h. David Storm Ltd., Leeds, Englandi,

– til viðurkenningar á riftun samnings aðila, dags. 17. desember 1987, frá og með 26. júní 1989,

- til greiðslu kr. 9.017.073,00 auk dráttarvaxta þannig: [...],
- til að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. nóvember 1989,
- til að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...],
- til að til tryggingar skuldinni verði staðfest löghald, sem gert var í fúgetarétti Reykjavíkur þann 6. september 1989, í eign stefnda að Lokastíg 13 hér í borg, fyrir kr. 9.017.073,00 auk vaxta og kostnaðar.

Af hálfu stefndu er þess krafist í aðalsök:

1. Að þeir verði báðir algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.
2. Að felld verði úr gildi löghald það sem stefnandi fékk lagt á fasteignina nr. 13 við Lokastíg í Reykjavík þann 6. september 1989.
3. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað [...].

Gagnsök var höfðuð með framlagningu stefnu 30. nóvember 1989. Í gagnsök krefjast gagnstefnendur þess:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð kr. 2.400.000,00 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. 25/1987 af kr. 1.300.000,00 frá 17. desember 1987 til 15. október 1988, en af kr. 2.400.000,00 frá þeim degi til greiðsludags.
2. Að dæmt verði, að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 17. desember 1988, en síðan árlega þann dag.
3. Að dæmt verði, að trygging sú, sem stefnda var gert að setja þann 6. september 1989, er hann fékk lagt löghald á húsið nr. 13 við Lokastíg í Reykjavík, að fjárhæð kr. 800.000,00, taki til stefnukrafna máls þessa í heild eða að hluta.
4. Að stefndi verðir dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og málskostnaðarreikningi og að málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómshöfuðstöðum.

Af hálfu aðalstefnenda er krafist sýknu og málskostnaðar auk virðisaukaskatts í gagnsök.

Þann 14. febrúar 1990 framseldi Sportland hf. Jóni Valentínussyni, Barðaströnd 2, Seltjarnarnesi, Inge M. Löwner Valentínusson, s.st., Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Lynghaga 15, Reykjavík, Dagnýju Ingólfsdóttur, Sólbraut 8, Seltjarnarnesi, og Þórhildi R. Geirsdóttur, Háaleitisbraut 49, Reykjavík, kröfu Sportlands hf. á hendur Jan Gunnari Davidssyni og David Storm Ltd. vegna riftunar á umboðssamningi á Don Cano-framleiðsluvörum og vegna gallaðra skíðaúlpna, sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Báðir aðilar hafa lagt fram málskostnaðarreikning, aðalstefnendur að fjárhæð kr. 1.105.815,00 og gagnstefnendur kr. 1.086.359,00.

Með samkomulagi, dags. 17. desember 1987, veittu gagnstefnendur Sport-

landi hf. einkaumboð til dreifingar og sölu á Don Cano-framleiðsluvörum á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi gegn greiðslu kr. 4.714.567,00. Ákvæði samningsins um endurgjaldið er svohljóðandi:

Sportland hf. greiðir fyrir viðskiptasambönd þessi og einkaumboðsrétt ábyrgðarskuldbindingar, sem kunna að falla á Jan Gunnar Davidsson, samtals að fjárhæð ca. kr. 4.714.567,00, sem sundurliðast þannig:

a.	Við Iðnaðarbanka Íslands hf.	kr.	952.376,00
b.	“ “ “ “	kr.	2.162.191,60
c.	Við Guðmund Jónsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, vegna eftirtalinna erlendra aðila:		
	I. Cresco í Noregi		
	II. Carmatex í Svíþjóð		
	III. Etablissement Alb. í Belgíu,		
	samtals ca.	kr.	<u>1.300.000,00</u>
	Samtals ca.	kr.	4.414.567,00
	auk áfallins og áfallandi kostnaðar		
d.	Með greiðslu pr. 15.10. 1988	kr.	<u>300.000,00</u>
	Samtals ca.	kr.	<u>4.714.567,00</u>

Aðalstefnendur gerðu upp við Iðnaðarbankann 11. mars 1988 en stóðu að öðru leyti ekki við skuldbindingar sínar.

Þann 20. febrúar 1989 sendi lögmaður Jans Gunnars kröfubréf fyrir hans hönd um greiðslu skv. staflíð c í 3. gr. samningsins. Lögmaður Sportlands hf. svaraði bréfi þessu 7. mars 1989. Þar segir að Iðnaðarbankaskuldin hafi reynst umtalsvert hærrí en tekið var fram í samkomulaginu, eða kr. 4.301.604,00. Þá var kvartað yfir göllum á vörum þeim, sem aðalstefnendur höfðu fengið til sölu og dreifingar á grundvelli samkomulags, og tjón af þeim sökum áætlað kr. 4.500.000,00. Síðan segir í bréfi lögmannsins:

Umbjóðendur mínir telja því allar forsendur, sem fyrir hendi voru, er margnefnt samkomulag var gert, vera brostnar. Um frekari efndir af þeirra hálfu á þessu samkomulagi verður því ekki að ræða, ...

Í bréfi lögmanns Jans Davidsson, dags. 22. júní 1989, segir að hann hafi ekkert við það að athuga að losna undan samkomulaginu, en kröfum Sportlands hf. er vísað á bug. Þann 26. júní 1989 ítrekaði umboðsmaður Sportlands hf. áður fram komna tillögu um uppgjör aðila, en áskildi sér, ef ekki yrði á hana fallist, að ráðstafa rétti sínum samkvæmt samningnum. Tillögum Sportlands hf. var hafnað með bréfi, dags. 4. júlí 1989, og á það bent, að framsal væri óheimilt.

Þann 6. september 1989 var að kröfu Sportlands hf. gert löghald í húseign

Jans Gunnars að Lokastíg 13 fyrir kr. 9.017.000,00 auk vaxta og kostnaðar gegn 800.000 króna bankatryggingu.

Sportland hf. fékk fatnað, hannaðan af stefnda með vörumerkinu Don Cano, frá Rator Trading Ltd. í Hong Kong, þar sem flíkurnar voru saumaðar að nokkru leyti úr efni frá Sgat Italia Spa. á Ítalíu. Skíðaúlpur úr ítalska efninu, sem komu til landsins haustið 1988, reyndust saumaðar að nokkru leyti úr efni frá Sgat Italia Spa. á Ítalíu. Skíðaúlpur úr ítalska efninu, sem komu til landsins haustið 1988, reyndust láta lit. Vorið 1989 kom í ljós að peysur, sem þá voru fluttar inn, létu lit. Fyrir 750 gallaðar úlpur á kr. 3.444,00 telja aðalstefnendur sig eiga rétt á kr. 2.583.000,00 í bætur og fyrir 1.180 galla og peysur á kr. 868,00 kr. 1.024.236,00. Aðalstefnendur telja tjón sitt fólgið í því að sitja uppi með óseljanlegar vörur og álíta að gagnstefnendur séu framleiðendur og seljendur hinna gölluðu vara gagnvart sér, þótt þeir kannist við að hafa pantað vörurnar beint frá verksmiðjunni í Hong Kong. Þessa málsástæðu styðja aðalstefnendur að nokkru leyti við viðtal við Jan Gunnar í Morgunblaðinu 16. júlí 1989 þar sem segir að hann kaupir efni í flíkurnar og stjórnir undirbúningi framleiðslunnar. Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram að frásögn blaðsins sé ófullkomin og röng um þetta atriði og að Jan Gunnar hafi ekki átt þess kost að lesa greinina yfir. Aðalstefnendur mótmæla þeirri staðhæfingu gagnstefnenda, að þeir hafi látið framleiða fatnaðinn í Hong Kong.

Kröfur sínar byggja aðalstefnendur á 42. gr. og 57. gr. laga 39/1922, en auk þess halda þeir því fram að gagnstefnendur hafi fallist á riftun með því að bjóða öðrum einkaleyfi Sportlands hf.

Að öðru leyti skýra aðalstefnendur bótakröfu sína með því að þeir hafi greitt verðtryggða ábyrgðarskuld gagnstefnenda með kr. 4.301.640,00. Ofan á þessa fjárhæð reikna þeir verðbætur fram til 26. júní 1989, sem þeir telja riftunardag. Þeir telja sig hafa verið blekkta varðandi fjárhæð ábyrgðarskuldbindinganna sem þeir tóku að sér að greiða, án þess þó að bera fyrir sig ógildingarreglur samningalaga.

Gagnstefnendur gerðu upphaflega þann 4. júlí 1986 samning við Scana hf. um einkarétt því til handa til að framleiða og selja íþróttafatnað sem Jan Gunnar hannaði. Var fatnaðurinn fyrst framleiddur í saumastofu Scana hf., en síðar var farið að sauma fötin erlendis, þar á meðal í Hong Kong. Scana hf. varð gjaldþrota haustið 1987. Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram að samkomulagið við Sportland hf. hafi í grundvallaratriðum verið um sama efni og samningurinn við Scana hf. og með nokkrum hætti framhald af honum, það sé hvorki kaupsamningur né verksamningur og feli ekki í sér ákvæði um kaup í framtíðinni; hins vegar sé það yfirfærslugerningur við-

skiptasambanda og einkaumboðs til sölu á fatnaði sem Jan Gunnar hannaði. Aldrei hafi verið kvartað undan hönnun, en gagnstefnandi beri enga ábyrgð á óverulegum gölluðum framleiðsluvörum Sgat Italia Spa. og Rator Trading Ltd. Gagnstefnendur telja gallaðar flíkur oftaldar og tjónsútreikning rangan. Þeir mótmæla kröfugerð aðalstefnenda sem ósannaðri og ósundurliðaðri. Verðbótaþætti í kröfugerð aðalstefnenda er mótmælt sem heimildarlausum og því haldið fram að ósannað sé að skuldir skv. a- og b-liðum 3. tl. samkomulagsins hafi verið hærri en þar er tilgreint við samningsgerð. Gagnstefnendur vísa allri ábyrgð á eftirfarandi dráttarvöxtum og innheimtukostnaði frá sér og mótmæla því sem röngu og ósönnuðu að þeir hafi gefið eftir aðra greiðsluábyrgð 3. tl. samkomulagsins vegna ofgreiðslu í a- og b-lið, eins og aðalstefnendur halda fram. Þeir mótmæla viðmiðun kröfugerðar varðandi riftun við 26. júní 1989 á þeim grundvelli að þá hafi ekki verið lýst yfir riftun af hálfu Sportlands hf.; gagnstefnendur hafi ekki vanefnt samkomulagið og aðalstefnendur því aldrei öðlast rétt til riftunar eða brottfalls efnaskyldu vegna brostinna forsendna. Því er mótmælt að gagnstefnendur hafi samþykkt riftun og á það bent að sá, sem riftun er beint gegn, þurfi ekki að efna samningsskyldur sínar eftir það og eigi rétt á efnadabótum, sé riftun ólögmat.

Lögmaður Sportlands hf. gekk frá samningnum til undirskriftar og halda gagnstefnendur því fram að óljós ákvæði samkomulagsins beri að túlka þeim í hag.

Í gagnsök byggja stefnendur á því að aðalstefnendur hafi valdið sér tjóni með samningsrofi og ólögmati löghaldsgerð svo og miska með gerðinni. Aðalstefnendur réttlæta löghaldsbeiðnina m.a. með því að gagnstefnendur hafi ráðstafað söluumboði Sportlands hf. til annars aðila andstætt haldsrétti þess og að ástæða hafi verið til að óttast för Jans Gunnars úr landi. Í greinargerð í gagnsök halda aðalstefnendur því fram að tjón þeirra megi rekja til hönnunarmistaka. Samþykki gagnstefnenda við riftun telja aðalstefnendur leiða til sýknu af bótakröfu vegna vanefnda. Þeir mótmæla kröfum vegna löghalds sem röngum og ósönnuðum og miskabótakröfu sérstaklega sem of hárrí.

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu aðalstefnenda sú skoðun að Rator Trading Ltd. hefði verið undirverktaki gagnstefnenda, en ef ekki verði fallist á að gagnstefnandi teljist framleiðandi og seljandi gagnvart aðalstefnenda, beri þeir eigi að síður ábyrgð sem hönnuðir á þeim mistökum sem orðið hafi varðandi efnisval og samval lita. Af hálfu gagnstefnenda er þeirri málsástæðu, að tjón aðalstefnenda stafi af hönnunarmistökum, mótmælt sem rangri, ósannaðri og of seint fram kominni.

Í 2. t. samkomulags aðilanna er ákveðið að Jan Gunnar fái hönnunargjald af framleiðsluvörum. Í framkvæmd greiddi Sportland hf. 15% hönnunargjald af öllum vörum, sem það fékk afgreiddar til sín. Í 4. gr. og 5. gr. er bann við samkeppni og framsali réttinda af hálfu Sportlands hf. Samkvæmt 7. gr. var ákveðið að endanlegur einkaumboðs- og samstarfssamningur skyldi gerður svo fljótt sem verða mætti. Af því varð þó aldrei.

Hvorki af ákvæðum samningsins né öðrum sakargögnum verður ráðið að gagnstefnendur hafi lofað að selja Sportlandi hf. vörur. Af þessum gögnum verður frekast ráðið að Rator Trading Ltd. hafi fengið leyfi til framleiðslu og sölu á vörum, hönnuðum af Jan Gunnari, áður en samningur málsaðila var gerður. Þá þykir verða að fallast á að ætlun aðila hafi verið að Sportland hf. tæki við þeirri starfsemi sem Scana hf. hafði haft með höndum samkvæmt leyfissamningi við David Storm Ltd. eftir að félagið hætti eigin framleiðslu. Þannig leysti Sportland hf. út vörur sem fluttar höfðu verið til landsins á vegum Scana hf., en síðan virðist Sportland hf. hafa keypt Don Cano-vörur, m.a. af Rator Trading Ltd., þ.á m. þær vörur, sem þeir telja hafa verið gallaðar. Svo virðist sem Rator Trading Ltd. hafi að formi til verið kaupandi fataefnis frá Ítalíu. Ekki hefur komið fram að Sportland hf. hafi reynt að neyta vanefndaheimilda gagnvart Rator Trading Ltd. og verður því ekkert um það fullyrt hvort hann átti þess kost að fá tjón sitt bætt úr hendi viðsemjanda síns.

Ætla má að í hönnun í skilningi samnings aðila hafi falist tækniröfur til hráefnis og litasamsetningar og að samningsaðilum hafi borið að gera allt, sem í þeirra valdi stóð, til að koma í veg fyrir, að dreifing og sala gallaðra vara hefði skaðleg áhrif á viðskipti. Hinsvegar hefur ekki verið sýnt fram á að leyfisveitandi hafi tekið ábyrgð á að vörur sem framleiddar væru samkvæmt hönnuninni gæti orðið gjaldgeng verslunarvara, eða að þær hefðu nægilega kosti sem slíkar. Fremur má ætla að á það hefði mátt líta sem samningsbrot af hálfu leyfishafa að dreifa gallaðri vöru.

Umboðsmenn aðila fóru saman til fundar við forráðamenn framleiðandans í Hong Kong m.a. til að velja efni. Í þeim umræðum var fallist á það af hálfu gagnstefnenda að haldið skyldi áfram að sauma úr vönduðum efnum og fallið frá hugmyndum um framleiðslu úr ódýrari efnum. Aðalstefnendur halda því fram að í raun hafi fót sem þeir pöntuðu frá Hong Kong verið úr allt öðru efni en um var talað. Ekkert hefur komið fram um að gagnstefnendur hafi átt þátt í því eða öðru því sem kann að hafa valdið aðalstefnendum tjóni.

Aðalstefnendur hafa ekki gert neina tölulega grein fyrir því hvernig fjárhæðar þeir telja ábyrgðarskuldir í Iðnaðarbanka Íslands hf. hafa numið á

samningsdegi og skuldabréfin hafa ekki verið lögð fram í málinu, þótt ætla verði að aðalstefnendur hafi átt þess kost að fá bréfin afhent þegar þeir greiddu. Hinsvegar hafa aðalstefnendur lagt fram fjölda greiðsluskjala sem af má draga nokkrar ályktanir á grundvelli þeirrar athugunar sem ætlast verður til af dóminum þegar gögn eru lögð fyrir hann með þessum hætti. Samkvæmt þessum gögnum virðist Jan Gunnar hafa gefið út tvö skuldabréf 30. september 1985, annað að fjárhæð kr. 1.125.000,00 með ábyrgð Reykvískrar endurtryggingar, og hitt að fjárhæð kr. 525.000,00 með sjálfskuldarábyrgð Karls L. Magnússonar, framkvæmdastjóra Scana hf. Þriðja skuldabréfið sem aðalstefnendur greiddu er eins og hið síðarnefnda að öðru leyti en því að það er gefið út af Karli og Jan Gunnar er ábyrgðarmaður. Ekki verður séð að neitt hafi verið greitt af bréfunum fyrr en þau voru gerð upp. Sjá má að lögfræðikostnaður hefur verið kr. 111.502,90 af lægri fjárhæðunum, en kr. 226.583,50 af 1.125 þúsund króna bréfinu. Ósannað er að þessi kostnaður hafi verið fallinn á þegar samningurinn var gerður. Þá hafa greiðendur orðið að greiða stórar fjárhæðir í dráttarvexti fyrir tímabilið frá 17. desember 1987 til greiðsludags 11. mars 1988. Ekki er ósennilegt að skuld samkvæmt 525 þúsund króna bréfunum hafi numið kr. 952.376,00 við samningsgerð með verðbótum og vöxtum og lætur þá nærri að skuld samkvæmt 1.125 þúsund króna bréfinu hafi getað verið orðin að kr. 2.162.191,60 á sama tíma, en fráleitt að samanlögð fjárhæð þessa bréfs og annars hinna hafi numið svo lágrí fjárhæð á þessum tíma. Aðalstefnendur halda því fram að Karl hafi orðið gjaldþrota á sama tíma og Scana hf., en hann var í raun einn aðalmaðurinn á bak við Sportland hf., og aðalsamningamaður, og er þá nærlæg sú skýring að gert hafi verið ráð fyrir að Sportland hf. tæki að sér að greiða þetta skuldabréf án þess að sú greiðsla reiknaðist sem greiðsla fyrir þá hagsmuni sem ábyrgðarmaðurinn veitti félaginu með samkomulaginu. Samkvæmt þessu verður að telja að aðalstefnendum hafi hvorki tekist að sanna né gera sennilegt að ábyrgðarskuldbindingar, sem Sportland hf. tók að sér, hafi í reynd numið hærri fjárhæðum en tilgreindar eru í samkomulaginu. Þá verður að fallast á það með gagnstefnendum að forsvarsmönnum Sportlands hf. hafi verið í sjálfsvald sett hvort þeir greiddu meira en þeir höfðu lofað gagnstefnendum, og að ósannað sé að gagnstefnendur hafi fallið frá öðrum kröfuliðum.

Þá verða ummæli lögmanns gagnstefnenda í bréfi, dags. 22. júní 1989, ekki skýrð sem svo að þar sé fallist á riftunarrétt Sportlands hf., en þeim var rétt að ráðstafa samningshagsmununum eftir að Sportland hf. hafði lýst því yfir í bréfi, dags. 7. mars 1989, að um frekari efndir af hálfu félagsins yrði ekki að ræða. Ekki hefur þó komið fram að gagnstefnendum hafi tekist að takmarka tjón sitt vegna samningsrofanna með þeim hætti.

Samkvæmt þessum ályktunum þykir bera að hafna öllum kröfum aðalstefnenda í aðalsök og fallast á allar kröfur stefndu. Leggja verður til grundvallar samkvæmt framansögðu að löghaldið hafi verið ólöglegt og að ógreiddar séu kr. 1.600.000,00 samkvæmt samkomulagi aðilanna og þykir því sú fjárhæð, auk vaxta, hæfilegar bætur til gagnstefnenda fyrir samningsrofin. Ekki hefur verið sýnt fram á beint fjártjón gagnstefnenda af löghaldinu en ætla verður að það hafi valdið þeim óþægindum og lánstraustsspjöllum. Bætur af þeim sökum þykja hæfilega ákveðnar kr. 300.000,00, auk vaxta. Kröfu í 3. tl. gagnstefndu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega en ábyrgðaryfirlýsingin er einvörðungu sett til tryggingar vegna „þess tjóns og miskabóta er gerðarþoli kann að verða fyrir vegna gerðarbeiðni . . .“, sbr. 12. gr. og 24. gr. l. 18/1949. Samkvæmt þessu verður ekki talið fært að fallast á þennan kröfufilið framur en greinir í dómsorði. Með ofangreindum takmörkunum verður fallist á allar kröfur gagnstefnenda í gagnsök.

Samkvæmt þessu verða niðurstöður í málinu eins og nánar greinir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.065.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Gagnstefnendur, Jan Gunnar Davidsson og David Storm Ltd., skulu vera sýknir af öllum kröfum aðalstefnenda, Jóns Valentínussonar, Inge M. Löwner Valentínusson, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Dagnýjar Ingólfssdóttur og Þórhildar R. Geirsdóttur, í aðalsök. Aðalstefnendur greiði gagnstefnendum kr. 1.900.000,00 með dráttarvöxtum af kr. 1.300.000,00 frá 17. desember 1989 til 15. október 1988, af kr. 1.600.000,00 frá þeim degi til 6. september 1989 (sic), en af kr. 1.900.000,00 frá þeim degi til greiðsludags. – Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 17. desember 1988, og kr. 1.065.000,00 í málskostnað auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Löghaldstrygging tekur til bóta vegna löghalds.